

Spurningar og ábendingar til samstarfsnefndar Langanesbyggðar og Svalbarðshrepps

Hverja má kjósa ístjórн sjóðsins?

Verður hægt að leigja aðstöðu í landsbankahúsinu fyrir lítil fyrirtæki eða rekstur?

Það væri gott að skapa tækifæri til fjarnáms á háskólastigi

Varðandi sjóðinn, hverjar eru upphæðirnar í dag, þ.e. hagnaður, og í hvað fer það í dag?

Er sameiningarnefndin búin að reikna út hvert fjallskilagjald hugsanlega verður per /kind í sameinuðu sveitarfélagi miðað við þann fjárfjölda sem er í dag í báðum hreppunum

Heyrist að hugmyndir um jarðatekjurnar séu það opnar að þær nýtist hugsanlega ekki dreifbýlinu sem skildi nema að stóri bróðir (þéttbýlið) fái sinn skerf líka. Væri ekki eðli legast að þær nýttust allar í dreifbýlinu sem stendur höllum fæti.

Með fjallskilagjalds spurningunni er ég að velta fyrir mér hvort sameinuðu sveitarfélagi sé stætt á öðru en að hafa sama gjald á kind ,út frá jafnræðisreglu.

Úthlutun úr jarðasjóði verði að undangenginni umsókn. Annars alltaf hætta á "pólítískri" úthlutun.

Hver er áætlaður kostnaður við sameiningarviðræður og hvernig mun kostnaðurinn skiptast á milli sveitarfélaganna?

Spurningar og ábendingar til samstarfsnefndar Langanesbyggðar og Svalbarðshrepps

Hver er meðal útsvarsupphæð per haus í Langanesbyggð annars vegar og Svalbarðshrepp hins vegar?

Það eru engin fráveitugjöld og vatnsgjöld í Svalbarðshreppi.

Hvað kemur aðalskipulags vinna fyrir sameinað sveitarfélag til með að kosta?

Verða þá lögð á fráveitu og vatnsgjöld eftir sameiningu?

Hvað flokkast sem atvinnuhúsnæði?
Landbúðaðarbyggingar, ferðapjónustubyggingar,
veiðihús.

Er hægt að benda á fjárhagslegan sparnað við sameiningu? ef svo er hver er sú upphæð?

Þannig að menn koma út í mínus. Hvað er Langanesbyggð að nota þessi 10% sem er greiddur er í umsýslukostnað?

Er einhver áætlun um hvernig sameina á samfélögin sjálf, eða haldið þið að það þurfi ekki?

Er einhver stefna í að auðvelda einstaklingum, litlum fyrirtækjum að byggja íbúðir/atvinnuhúsnæði. t.d. fellu niður gjöld í upphafi, gatnagerðagjöld og fl? Hefur þetta verið rætt hjá sveitarfélögunum?

Spurningar og ábendingar til samstarfsnefndar Langanesbyggðar og Svalbarðshrepps

Sparnaður af sameiningu er enginn þar sem þessi 10% fara væntanlega út.

Hver eru laun sveitastjórnarfólks í Langanesbyggð? Eftir hverju eru þau reiknuð? Íbúafjölda? eða fundarfjölda?

Tekjur aukast við það að hækka gjöld á íbúa Svalbarðshrepps

Í hvað má nota fastaframlagið, ef ekki þarf að nota það í stjórnsýsluna.

Verður sorp sótt heim á bæði eftir sameiningu?

Hvernig verður snjómokstri háttáð eftir sameiningu?

Þarf Langanesbyggð ekki að endurnýja sorpsamninga eftir sameiningu? Ef af verður?

Hver verður svo næsti áfangi í sameiningum ef þessi gengur eftir?

Spurningar og ábendingar

Hver verður fjöldi í sveitarstjórn í sameinuðu sveitarfélagi ?

Algjörlega á móti gjaldi á land sem renni í fjallskilasjóð.

Mikilvægt að dreyfbýlisráð og hverfisráð Bakkafjarðar sé ekki einungis skipuð af hagsmunaaðilum hvers svæðis heldur að einn aðili nefndarinnar sé utanaðkomandi = fleiri sjónarmið

Er eitthvað sem mælir á móti mismunandi gjaldi eftir fjallskiladeildum?

Er búið að ákveða hver verkefni þessara ráða eiga að vera?

Skipar sveitastjórn í öll ráð og nefndir?

Er gert ráð fyrir að dreifbýlisráð og hverfisráð Bakkafjarðar muni starfa áfram í sameinuðu sveitarfélagi

Er gert ráð fyrir einu sameiginlegu dreifbýlisráði fyrir allt sveitafélagið?

Atvinnuþróun og nýsköpun : nýta virkjanakosti innan sveitarfélagssins , enda vantar rafmagn inna svæðið.

Spurningar og ábendingar

þarf að vera lágmarkskjörsókn i hverju sveitarfelagi til að kosningin verði gild

Hefur sameiningarnefndin rætt um nýtt nafn á sveitafélaginu?

Svalbarðsstrandarlangu bakkabyggð

þarf nafnið ekki að vera komið fyrir sameininga kosningu?

Hyggst Langanesbyggð halda áfram að innheimta gjald af landeigendum, fyrir fjallskilasjóð? Hefur þetta verið mælst vel fyrir?